

Aðalfundur FS haldinn föstudaginn 2. júní 2023 kl. 14:00 á Grand hóteli

Fundur settur kl. 14:00 af formanni félagsins Árna Sverrisson (ÁS).

Alls voru mættir á fundinn, 15 félagsmenn í sal og á fjarfundi voru 4 félagsmenn.

Gengið til fundarstarfa samkvæmt dagskrá.

Liður 1. Kosning fundarstjóra og ritara. Árni Sverrisson (ÁS) stakk uppá sjálfum sér sem fundarstjóra og Páli Ægi Péturssyni (PÆP) fundarritara, það var samþykkt með lófataki. Fundarstjóri bað fundarmenn að rísa úr sætum og minnst látinna félagsmanna. Þá bað hann fundarmenn um að rísa úr sætum og heiðra Árna Bjarnason fv. formann félagsins með lófataki fyrir góð störf í gegnum árin í þágu skipstjórnarmanna. Hann minntist einnig á að ÁB væri fulltrúi félagsins í stjórn Gildi lífeyrissjóðs. Því næst fór formaður yfir fyrirkomulag fundarins en þetta er einnig fjarfundur fyrir félagsmenn sem eru fjarverandi. Fulltrúi Advania sér um tæknimál, þ.e. útsendingu fundarins (fjarfundarbúnaður) og kosningarkerfi (atkvæðagreiðsla) ef á þarf að halda.

Liður 2. Skýrsla formanns. Í máli formanns kom fram að á síðasta ári voru haldnir fjórir formlegir stjórnarfundir auk fjölda símafunda þar sem mál voru rædd og afgreidd.

Formaður sagði að FS hafi gert samning við Oceans ehf. En eigandi þess var búinn að vera lengi í upplýsingaöflun í sjávarútvegi við m.a. upplýsingaöflun um aflatölur, útflutningstölur ásamt ýmsum öðrum gögnum. Gerður var samningur um þróun mælaborðs til að afla upplýsinga sem kæmu að gagni við samanburð á lykiltölum í hverju landi fyrir sig, Íslandi, Noregi, Færeyjum og Bretlandi. Hugmyndin var að gögnin yrðu sótt í gagnabanka allra landanna, tillit tekið til myntar og gengis og þannig hægt að sjá hvernig verð hefðu verið og hvernig þau væru að þróast. Árangur af þessu samstarfi okkar við Ocean ehf. var orðinn sýnilegur og sáum við verulegan mun á útflutningsverði frá Íslandi í samanburði við útflutningsverð frá Noregi svo dæmi sé tekið. Við sáum líka að makrílafurðir okkar fóru á aðra markaði og inn í birgðageymslur í Litháen. Hvert hann fór þaðan og á hvaða verði höfum við ekki upplýsingar um. Það slitnaði upp úr samstarfi okkar og Oceans ehf., það voru aðrir aðilar sem buðu betur og nú vinnur Ocean ehf. m.a. fyrir útgerðarfélög í sjávarútvegi.

Með samstarfi við Ocean vildum við freista þess að fá vitneskju um tölulegar staðreyndir. Það geta verið skýringar á mismunandi verðmyndunum en þær þurfum við að geta sannreynt með rökum. Við erum í góðu sambandi við Verðlagsstofu skiptaverðs sem er hin opinbera stofnun sem á að fylgjast með því að rétt sé gert upp við sjómenn. Þar eru hlutir að þróast mjög til betri vegar samanber mælaborð þeirra og eru starfsmenn Verðlagsstofu áhugasamir um þetta mál.

Lífeyrissjóðurinn Gildi: Árni Bjarason fv. formaður fékk Benedikt Jóhannesson stærðfræðing á stjórnarfund þann 9. febrúar til þess að kynna okkur fyrirhugaðar breytingar á réttindainnvinnslu sjóðfélaga Gildis lífeyrissjóðs. Í stuttu máli gengu breytingar út á að vegna nýrra lífslíkutaflna sem sýna að langlífi er að aukast hér á landi og allstaðar í Evrópu þarf að breyta lífeyrisgreiðslum þannig að þeir elstu fá meiri hækkun en þeir yngri þar sem að greiðslur þeirra yngri eru hærri til sjóðsins í lengri tíma eða 15,5% núna. Eðli málsins samkvæmt lifa yngri greiðendur sjóðsins lengur og lífeyrisgreiðslur dreifast því á fleiri ár til þeirra. Breytingarnar gengu í gildi á árinu hjá Gildi og fleiri lífeyrisjóðum með sömu rökum.

Kjarasamningar. Allt árið 2022, fyrir utan sumarmánuðina, var fundað reglulega hjá sáttasemjara vega kjarasamninga fiskimanna án þess að til tíðinda drægi. Í samninganefnd sjómanna sátu fulltrúar FS, VM, SSÍ, SÍ og SVG. Auk þess voru haldnir fundir í smærri hópum þar sem í einum hópnum var rætt um

slysatryggingar sjómanna og veikindarétt. Í öðrum hópnum um stærðarmörk skipa sem allir voru sammála um að yrði að breyta en í samningnum er miðað við brl. sem er úrelt stærðarmæling. Í þriðja hópnum var rætt um Verðlagsstofu skiptaverðs en menn töldu að nauðsynlegt væri að breyta og bæta verkferla þar.

Aðalkrafa sjómanna var að útgerðir greiddu 3,5% viðbótariðgjald í lífeyrissjóð eins og aðrir atvinnurekendur greiða vegna launþega sinna. Lengst af vildu útgerðarmenn alls ekki ljá máls á neinum viðbótargreiðslum til sjómanna, þvert á móti töldu þeir launahlutfall allt of hátt.

Á stjórnarfundum þann 7. júní á síðasta ári sagði ÁB fv. formaður um kjaraviðræður fiskimanna að þar væri allt botnfrosið. Krafa útgerðarinnar væru að sjómenn tækju á sig sífellt meiri kostnað, en heildarkrafa sjómanna vegna 3,5% viðbótargjalds í lífeyrissjóð var verðlögð á u.þ.b. 1,5 milljarða, sem er rétt um helmingur af arðgreiðslum Síldarvinnslunnar fyrir síðasta ár svo dæmi sé tekið. Það var mikil harka hjá útgerðinni í þessum samningaviðræðum, þeir voru ósveigjanlegir og gáfu ekkert eftir. Við sáum ekki fyrir endann á þessum viðræðum, það var komin upp pattstaða en það var og er ekki áhugi hjá sjómönnum að fara í verkfall eins og staðan hefur verið. Það væri mögulega hægt að segja upp svokölluðum sérkjarasamningum sjómanna en þá myndi landlega skipa lengjast milli túra en togarnir stoppa rétt á meðan verið er að landa og svo er haldið út að nýju, það er eins með uppsjávarskipin. Afleiðingin fyrir ísfisktogara svo dæmi sé tekið gæti verið sú að 30 – 40 veiðidagar töpuðust á ári. Nokkur umræða skapaðist um þetta mál og voru menn sammála því að staðan hafi verið afleit og landsýn ekki í bráð. Skömmu fyrir áramótin sögðu fulltrúar sjómanna að þolinmæði þeirra væri þrotin, eftir þriggja ára stanslaust þref þyrfti annaðhvort að slíta viðræðum eða láta reyna til þrautar strax eftir áramótin hvort grundvöllur væri til að ná samningum. Ákveðið var að láta reyna á það til þrautar hvort samningar næðust, til að gera langa sögu stutta var skrifað undir kjarasamning þann 9. janúar á milli SFS og allra félaga sjómanna nema Sjómannafélags Íslands, sem skrifuðu undir þann 12. janúar. Í tilfalli okkar skipstjórnarmanna var kjarasamningurinn á milli SA annars vegar og hinsvegar á milli Félags skipstjórnarmanna, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Vísis á Suðurnesjum. Samningur þessi var undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmanna þann 9. febrúar sl. Nokkrir kynningarfundir voru haldnir á Teams fyrir félagsmenn. Skv. samningnum hafa menn val um að fá 3,5% viðbót í lífeyrissjóð, sem er leið A, eða örlítið hærri laun sem er leið B. Frá 1 apríl fara allir sjómenn sjálfkrafa í leið A ef samningurinn verður samþykktur en þá bætist við 3,5% lífeyrisauki sem gerir um 2,4% launahækkun. Ef valin er leið B, hækka laun um u.þ.b. 0,71% en þá verður engin aukning á greiðslum í lífeyrissjóð.

Helstu atriði nýja samningsins eru:

Bætt réttindi og kjör er varðar lífeyrismál en sjómenn geta valið um tvær leiðir:

Leið A, lífeyrisauki uppá 3,5% sem verður greiddur í sameign lífeyrissjóðs viðkomandi, en menn mega ráðstafa viðbótinni í tilgreinda séreign. Mótframlag útgerðar í lífeyrissjóð hækkar um 3,5%, fer úr 8% í 11,5%. Viðmið við heimsmarkaðsverð á olíu er fellt úr gildi og 69,2% skiptaverð verður lagt til grundvallar.

Leið B, mótframlag útgerðar í lífeyrissjóð óbreytt – 8%. Viðmið við heimsmarkaðsverð á olíu fellur úr gildi og 70,5% skiptaverð er lagt til grundvallar.

Frá 1 apríl fóru allir sjómenn sjálfkrafa í leið A ef en geta fært sig yfir í leið B ef þeir kjósa svo. Samhliða verður færsla yfir í nýjar skiptaprósentur.

Ýmslegt annað er til bóta fyrir sjómenn s.s. hækkun tímakaups og kauptryggingar, slysa- og veikindaréttur lengist í 4 mánuði (60 dagar á 120 daga tímabili), skiptimannakefið fest í sessi sem dregur úr skamtímaráðningum, öryggisnefnd hefur verið skipuð en hún á að vinna að öryggis- og heilsumálum sjómanna sem stuðlar að fækkun slysa og minnkar álag á sjómenn. Einnig er í samningnum ákvæði um aukið gagnsæi í launauppgjörum, s.s. verð og skiptingu í stærðarflokka, skiptaprósentu, fjölda í áhöfn, lögskráningadaga o.s.frv. Félagsmenn FS samþykktu kjarasamninginn með 55,39% greiddra atkvæða en 42,57% sögðu nei. Aðrir tóku ekki afstöðu. Félagsmenn annara stéttarfélaga felldu kjarasamninginn og munu þau stéttarfélög því halda áfram samningaviðræðum við SFS hjá sáttasemjara. Allar breytingar og viðbætur sem þau kunna að semja um fá félagsmenn FS einnig.

Formaður fór í stuttu máli yfir aðra kjarasamninga sem undirritaðir hafa verið og sagði frá ferð hans og PÆ til Bíldudals í fyrra þar sem fulltrúar Arnarlax sýndu okkur starfsemi fyrirtækisins. Þeir fóru m.a. um borð í brunnskipið M/S Ronja Tind sem lá í höfninni á Bíldudal. Þar var fundað með áhöfninni og fulltrúa Arnarlax og lýst var vilja félagsins til að koma að íslenskum skipstjórnamönnum á slík skip sem fyrst. Vel var tekið í þá hugmynd. Við höfum boðið forsvarsmönnum eldisfyrirtækjanna fyrir austan að hitta okkur en af því hefur ekki orðið ennþá. Mikil vinna og tími hefur farið í málefni skipstjórnamanna hjá eldisfyrirtækjunum en við teljum þeim tíma vel varið því þessi grein er vaxandi og við vonumst til að skipstjórnamenn fiskeldisfyrirtækjanna á Austfjörðum sjái sér hag í að ganga til liðs við FS. Páll Ægir fór sl. haust vestur aftur og fundaði með félagsmönnum Arnarlax og Arctic fish. Nú eru á milli 30 og 40 skipstjórnamenn í félaginu, sem styrkir stöðuna verulega til kjarasamningsgerðar.

Ný áhafnalög og óásættanleg vinnubrögð meirihluta Samgögnunefndar. Á vor og haustþingi 2022 var til umræðu frumvarp til laga um ný áhafnalög. Við fylgdumst með málinu í meðförum þingsins, sendum inn umsagnir við áformin um lagasetninguna og eins við löginn sjálf þegar þau voru kynnt á samráðsgáttinni. Löginn voru samin til einföldunar, þ.e.a.s. ein lög í stað fjögurra áður. Við áttum fundi með ráðuneytisstjóra og lögfræðingi innviðaráðuneytisins og mótmæltum frumvarpinu harðlega. Við vildum að mönnunarskírteini yrðu gefin út fyrir fiskiskip eins og önnur skip. Undanþágu- og mönnunarnefndir yrðu ekki lagðar niður því við teljum að nauðsynlegt sé að fagaðilar komi þar að málum.

Útivistartími smáskipa verði að hámarki 14 tímar með skertri mönnun og að virkjað verði það eftirlitskerfi sem þegar er til staðar (Trackwell) og refsíákvæði sem virka verði tekin upp.

Mótmælt er þeim áformum að heimila háseta að gegna starfi stýrimanns, það er óásættanlegt að löggjafinn áformi að leggja af menntunarkröfur yfirmanna.

Mótmælt er að hægt sé að komast hjá því að hafa vélstjóra á smáskipi með vísan til þjónustusamnings við verkstæði í landi.

Mótmælt er að eigandi báts geti verið einn á sjó lengur en 14 tíma. Segja má að hér sé löggjafinn að leggja til að siglingareglur og lög um hvíldartíma sjómanna verði brotin.

Endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóðir þess lagðir fram og bornir undir atkvæði. ÁS fór yfir reikninga og sjóði félagsins, skýrði stærðir og upphæðir fyrir félagsmönnum.

Greiddir sjúkradagpeningar hafa aukist nokkuð og kemur ýmslegt til s.s. afleiðingar Covid o.fl. Einnig hefur eignastaðan í verðbréfum rýrnað nokkuð frá síðasta ári vegna lélegrar ávöxtunar en punktstaðan á þeim hefur batnað töluvert frá áramótum. Grant Thornton eru endurskoðendur félagsins og fyrir þeirra hönd, sá Kristinn Viktorsson um uppsetningu ársreikninga félagsins og sjóða þess eins og áður.

Orðið var gefið laust og fundarmönnum boðið að gera athugasemdir um ársreikningana, engar athugasemdir voru gerðar við reikningana og voru þeir samþykktir samhljóða.

Sumarhús – íbúðir. Á árinu hélt áfram vinna við endurbætur orlofshúsa okkar. Hrannarból og Laugarból á Laugarvatni voru máluð að innan og skipt um gólfefni og fleira, húsin breyttust mikið við þetta og ættu að endast okkur í nokkur ár til viðbótar. Nýting orlofshúsa og íbúða er mjög góð, en nýjustu íbúðir og bústaðir eru vinsælli en eldri eignir.

Skýrsla formanns, var samþykkt samhljóða.

Liður 3. Kjör fulltrúa félagsins í stjórnir, ráð og nefndir eftir því sem við á. Uppstillinganefnd. Hún er 5 manna nefnd sem skal kosin ári á undan formannskosningum. Þessi kosning er samkvæmt nýjum lögum félagsins sem samþykkt voru á aðalfundi 2021. Uppstillinganefnd skal gæta þess að a.m.k. 18 menn verði í kjöri, 9 aðalmenn og 9 varamenn. Af 9 manna stjórn skulu vera 5 fiskimenn, 1 farmaður, 1 einn frá Gæslunni, 1 frá höfnum landsins og 1 frá öðrum. Í uppstillingarnefnd fyrir kjörtímabilið 2024 – 2028 var tillaga um eftirtalda menn: Árni Sverrisson, Eiríkur Jónsson, Friðrik Höskuldsson, Pálmi Gauti Hjörleifsson og Einar Vignir Einarsson. Það var samþykkt samhljóða.

Liður 4. Ákvörðun stjórnarlauna skv. 9 gr. laga félagsins.

Kosið var um stjórnarlaun 40.000 kr.- pr. fund. eftir tillögu þar um frá ÁS og var sú tillaga samþykkt.

Liður 5. Önnur mál.

Ariel Pétursson formaður Sjómannadagsráðs hafði beðið um orðið og sagði frá starfssemi þess í stuttu máli. Sjómannadagsráð rekur Hrafnistuheimilin, Naustavör og aðra þjónustu fyrir aldraða. Eigendur eru FS, VM og Sjómannafélag Íslands. Í máli hans kom fram að ráðið hafi frá upphafi starfað án arðgreiðslumarkmiða og er ráðstöfunarfé varið til viðhalds og uppbyggingar og til greiðslu kostnaðar við reksturinn. Á aðalfundi á síðasta ári tók Árni Sverrisson við sem varaformaður og Ariel Pétursson sem formaður, síðla sumars hætti framkvæmdastjórinn Sigurður Garðarsson og í hans stað kom Þröstur V Söring.

Happdrætti DAS er gulleggið í uppbyggingu starfseminnar og hefur verið má segja frá upphafi. Sigurður Ágústsson hætti nýlega sem framkvæmdastjóri eftir langan tíma og við tók Valgeir Elísson fv. launafulltrúi Hrafnistu. Að lokum minnti Ariel á dagskrá sjómannadagsins og hvatti fundarmenn til að mæta og taka þátt.

Páll Ægir sagði frá kjarasamningsviðræðum og undirritun kjarasamninga á undanförunum mánuðum. Við undirritun kjarasamninga er í flestum tilvikum miðað við aðra almenna samninga sem þegar höfðu verið undirritaðir, þ.e. almennar launahækkunir eru 6,75% á mánaðarlaun og gilda frá 1. nóvember 2022, en hámarkshækkun er þó 66 þúsund á mánuði í flestum tilvikum. Hagvaxtarauki 2022 fellur niður samhliða. Sumir samningar gilda til 31. janúar 2024, en aðrir til 31 mars nk. Hækkunin felur í sér flýtingu og fullar efndir hagvaxtarauka sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023. Samhliða almennum launahækkunum hækka kaupvaxtar og nýjar launatöflur taka gildi og þá mun desemberuppbót á þessu ári verða 103 þúsund og orlofsuppbót 56 þúsund.

Skrifað var undir samkomulag um skammtímasamning við fulltrúa ríkisins fyrir skipstjórnarmenn Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknarstofnunar 18. apríl sl. Samkomulagið er á sambærilegum nótum og samningar sem þegar höfðu verið gerðir á almennum vinnumarkaði. Það felur í sér prósentuhækkunir með ákveðnu lágmarki og hámarki í krónutölum, auk lagfæringa á launatöflum þar sem það á við.

Samningarnir gilda til 31. mars 2024. Rammasamkomulagið tryggir einnig að samningar taka við af samningum þannig að samfella verði í gildistíma. Í samkomulaginu felst meðal annars að í haust skuli hefja viðræður um langtíma kjarasamning og endurnýjun stofnanasamninga beggja stofnananna í haust og stefnt að því að þeim verði lokið fyrir áramót. Við teljum að ekki náist að endurnýja stofnanasamninga fyrir Landhelgisgæsluna og Hafró nema með aðkomu ríkisins.

Einnig var skrifað undir framlengingu á kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins fyrir skipstjórnarmenn og vélstjóra á skipum og bátum í ferðaþjónustu. Samningurinn er skammtímasamningur og samhljóða þeim samningum sem hafa verið undirritaðir að undanförunu á almenna- og opinbera markaðnum. Samningurinn gildir til 31. janúar 2024. Laun eiga að hækka afturvirktt frá 1. nóvember 2022. Á svipuðum nótum skrifuðum við undir framlengingu kjarasamnings við Björgun ehf. 21. apríl sl. og við SA fyrir farmenn 25. maí sl.

Ekki hefur ennþá verið gengið frá kjarasamningum fyrir skipstjórnarmenn á ferjunum Baldri og Herjólfri en við vonust til að það verði innan tíðar. Þeirra samningar hafa tengingu við farmannasamninginn.

Varðandi kjarasamninga fyrir eldismenn, að þá hefur það satt best að segja gengið sorglega hægt þrátt fyrir, eins og áður hefur komið fram, að fyrirtækin á Vestfjörðum hafi lýst vilja sínum til að gera kjarasamning við okkur, annað þeirra hefur lýst eindregnum vilja en hitt er tilbúið að koma að borðinu ef það næst samkomulag um að stóru fyrirtækin verði með, en Austfirðingar hafa dregið okkur á svari þrátt fyrir væntingar okkar um annað eftir fund með fulltrúa þeirra í vetur. Við gerum okkur hins vegar vonir um að við getum sest niður með þessum fyrirtækjum bráðlega og gert langþráðan kjarasamning fyrir greinina öllum til hagsbóta.

Páll Ægir sagði frá fundi Nordisk Navigatör Congress sem haldinn var í Kaupmannahöfn í janúar sl. Hann sýndi glærur þar sem fram komu upplýsingar um lauanhækkanir skipstjórnarmanna annara en fiskimanna á Norðurlöndum á síðustu árum og á þessu ári. Nokkur umræða skapaðist um málið

Loks ræddi hann eins og endranær um menntun sjómanna og kynnti hugmyndir með glærum um skóla sem sniðinn væri að sjávarútvegi og siglingum.

Þjálfun Kadetta.

Um þessar mundir er að hefjast kadettanám, einn kadett er kominn um borð í eitt skipa Eimskips og von er á fleiri kadettum á farskip og fiskiskip.

Dvöl nemenda um borð byggist á því að leiðbeinendur, stýrimenn/vélstjórar oftast sem hafa undirgengist námskeið til kennslu kadetta í Tækniskólanum leiðbeina og kenna nemendum undirstöðuatriði sjómennsku samkvæmt þar til gerðri ferilbók sem er löngu tilbúin frá Menntamálastofnun en starfsgreinaráð sjávarútvegs- og sigling kom að samningu eða staðfæringu bókarinna á íslensku. Nemendurnir þurfa síðan að skrá ýmsar upplýsingar í bókina undir leiðsögn / eftirliti leiðbeinandans um störf sín og þjálfunina um borð. Tækniskólinn hefur gert námssamning við Eimskip, en þrír aðilar undirrita hvern námssamning, nemandinn, Skipstjórnarskólinn og viðkomandi fyrirtæki. Þessi þjálfun er samkvæmt STCW og styttr námstímamann eða siglingatímamann um allt að tvö ár til farmannaréttinda, úr 36 mánuðum í 12 mánuði og fyrir fiskimenn sem lokið hafa C stiginu um 6 mánuði, úr 18 í 12 mánaða kadettanám á sjó. Kadettanamið verður aldrei lengra en 12 mánuðir.

Þetta er staðan í menntamálum skipstjórnarmanna sem eru okkur mjög hugleikin og mikilvæg.

Formaður tók því næst til máls og ræddi hvað framundan er varðandi húseignir félagsins á þessu ári. Í máli hans kom m.a fram:

1. Stekkjarbyggð í Fnjóskadal, verið er að bera á húsið utandyra og smávegis lagfæringar á því.
2. Leiksvæði fyrir börn á Giljareitum á Laugarvatni er tilbúið.
3. Reglulegt viðhald sumarhúsa okkar er nauðsynlegt og verður það framkvæmt eftir þörfum á árinu.

Júlíus Víðir Guðnason kom með þá tillögu að fundurinn sendi frá sér yfirlýsingu um stuðning við áframhaldandi hvalveiðar Íslendinga. Formaður tók undir það og fól PÆ að rita yfirlýsingu sem hljóðar þannig: „ Aðalfundur Félags skipstjórnarmanna, haldinn 2. júní 2023 á Grand Hótel Reykjavík, lýsir yfir eindregnum stuðningi við áframhaldandi sjálfbærar veiðar á Langreyði og Hrefnu við Ísland“. ÁSV mun senda yfirlýsinguna í alla helstu fjölmiðla landsins.

Að lokum þakkaði formaður fundarmönnum komuna og sleit fundi kl. 16:20



Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Pétursson fundarritari